

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, haldinn mánudaginn 10.02.2014 kl. 16:30 á Kjóavöllum.

22. fundur

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartarson, Guðmundur Hagalínsson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir og Ingibjörg G. Geirsdóttir.

1. Fjármál. Sveinbjörn sagði frá því að ósk félagsins um breytt fyrirkomulag varðandi virðisaukaskatt hefði verið samþykkt.
2. Aðgangsstýring. Verið að vinna í tilboðum. Ljós til í Gusti, óskað eftir að Kristján sækir.
3. Húsið:
 - a. Merkingar. Merkja þarf innganga í húsinu. SA sér til þess að það verði gert.
 - b. Glugga á hestahurðar. Er í vinnslu hjá Vögnum og þjónustu.
 - c. Lyklar. Koma upp masterlyklakerfi. Kristján annast það verk.
 - d. Öryggiskerfi. Verið að semja um kerfi. Hermann hefur umsjón.
 - e. Vökvunarkerfi. Verið er að bíða eftir kerfinu.
 - f. Ljós. Rætt um að skoða að bæta við dimmerkerfi á ljósin í reiðhöllinni. Einnig þarf að laga hallann á lömpunum.
4. Húsvörður. Framkvæmdastjóri lýsir því að við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að hafa húsvörð sem þekkir mannvirki félagsins og verkefni. Tímabært er að auglýsa stöðuna og sá aðili sem ráðinn yrði þyrfti að hafa tækifæri til þess að setja sig inn í nýtt starf. Kristján fv. húsvörður hefur þekkingu á stöðu mála og vilja til að semja við félagið um áframhaldandi störf næstu vikur. Ákveðið að SA og GH semji starfslýsingu og semji við Kristján. Staða húsvarðar auglýst á árinu.
5. Reiðhöll Andvara. Rætt um framtíð og hlutverk gömlu reiðhallarinnar m.a. mögulega útleigu til tanníngamanna. Stjórn ákveður að halda reiðhöllinni í óbreyttri notkun fyrir félagsmenn Sprettis enn um sinn.
6. Reiðveganefnd. Frestað til næsta fundar.
7. Skilti á svæðinu. Rætt um að fela Umhverfisnefnd að skoða skilti á Glaðheima og Andvarasvæði. Fjarlægja þurfi gömul skilti og koma upp nýjum og réttum Sprettiskiltum.
8. Vegur á milli svæða. Rætt um lagningu vegar á milli Heimsenda og gamla Andvarasvæðis. Einnig rætt um hitaveitu og frárennsli í því samhengi. Semja þarf við Garðabæ um lagningu vegar.
9. Aðalfundur. Áætlað að hafa aðalfund 11. mars.

Næsti fundur þriðjudaginn 25. febrúar, kl. 17:30

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir